

UMF TINDASTÓLL

Stofnað 1907



Ársskýrsla 2011

Efnisyfirlit

Lög Ungmennafélagsins Tindastóls	4
Ársskýrsla Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2011	7
Skýrsla aðalstjórnar	8
Minning Stefáns Guðmundssonar	10
Ársreikningur aðalstjórnar	12
Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar	14
Ársreikningur knattspyrnudeildar	26
Skýrsla aðalstjórnar körfuknattleiksdeildar	28
Ársreikningur aðalstjórnar körfuknattleiksdeildar	29
Skýrsla stjórnar unglingaráðs körfuknattleiksdeildar	31
Ársreikningur unglingaráðs körfuknattleiksdeildar	32
Skýrsla stjórnar frjálsíþróttadeildar	34
Ársreikningur frjálsíþróttadeildar	38
Skýrsla stjórnar sunddeildar	40
Ársreikningur sunddeildar	42
Skýrsla stjórnar skíðadeildar	44
Ársreikningur skíðadeildar	45
Skýrsla stjórnar almenningsíþróttadeildar	48
Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson	49
Ársreikningur Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson	50

Lög Ungmennafélagsins Tindastóls

1. grein. Heiti félagsins :

Félagið heitir Ungmennafélagið Tindastóll, skammstafað U.M.F. Tindastóll. Lögheimili þess er Sauðárkrókur. Merki þess er hvítt T í jafnarma þríhyrningi í bláum og rauðum grunni

2. grein. Tilgangur félagsins :

Að vernda og efla stjórnarfarslegt, menningarlegt og fjárhagslegt sjálfstæði Íslendinga og vekja virðinu þeirra fyrir þjóðernislegum verðmætum sínum.

Að hjálpa félagsmönnum og öðrum æskulýð til aukins þroska með fræðslu og íþróttastarfsemi, og til íhugunar um þjóðnytjamál og vinna að framgangi þeirra.

Að stuðla að bindindi og vernda ungmenni landsins gegn neyslu áfengra drykkja og eiturfyllingum og vinna að heilbrigðu skemmtana – og félagslífi.

Að vinna að bættri lífsafkomu þjóðfélagsþegna.

Að beita sér fyrir uppgræðslu, skógrækt og náttúruvernd.

Að vinna að því að skapa í hvívetna heilbrigðan hugsunarhátt meðal æskulýðs, í fjármálum, heilsuverndun og februn móðurmáls.

3. grein. Starfsaðferðir :

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með fundarhöldum, íþróttaiðkunum, blaðaútgáfu og annarri félagsmálafarfsemi. Ennfremur að halda í fjölbreytt námskeið og vinna að ýmsum framkvæmdum eftir því sem þurfa þykir.

4. grein. Innganga og úrsögn :

Félagar geta allir orðið, sem lagt hafa fram skriflega inntökubeiðni, með upplýsingum um fullt nafn, kennitölu og heimilisfang. Þó skulu unglingar innan 18 ára aldurs leggja fram skriflegt leyfi a.m.k. annars foreldris eða forráðamanns til inngöngu. Þegar þessi skilyrði hafa verið uppfyllt er umsækjandi þegar fullgildur félagi. Jafnframt verða allir þeir sem opinberlega keppa undir merki félagsins sjálfkrafa félagar.

Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til aðalstjórnar.

Halda skal skrá yfir alla meðlimi félagsins, svo séð verði á hverjum tíma hverjir eru fullgildir félagar.

5. grein. Félagsgjöld.

Félagar skulu greiða árgjald til félagsins. Skal það ákveðið á aðalfundi ár hvert. Árgjald rennur í aðalsjóð félagsins.

6. grein. Deildir :

Iðkendum hverrar íþróttagreinar er heimilt að mynda deildir innan félagsins. Hver íþróttadeild skal hafa sérstaka stjórn og aðskilin fjárhag. Skal hver deild sjá um sig sjálf fjárhagslega og hafa tekjur að ágóða móta og kappleikja í viðkomandi grein, svo og af öðrum fjáröflunum, sem hún tekur sér fyrir hendur í samráði við aðalstjórn. Stjórn hverrar deildar annast rekstur hennar.

Að öðru leyti lúta deildirnar sameiginlegri aðalstjórn félagsins, sem fer með æðsta vald í málum þess milli aðalfunda.

Ákvörðun um stofnun nýrrar deildar innan félagsins verður aðeins tekin á aðalfundi.

7. grein. Stjórn :

Stjórn félagsins skipa 5 menn ; formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og meðstjórnandi. Skulu þeir kosnir á hverjum aðalfundi, formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Formaður stjórnar fundum eða skipar aðra félagsmenn til þess. Ritari heldur gjörðabók félagsins og ritar fundargerðir. Gjaldkeri innheimtir tekjur og greiðir gjöld félagsins. Gjaldkeri heldur reikninga félagsins. Reikningsár félagsins er almanaksárið 1. janúar til 31. desember.

8. grein. Aðalfundur :

Aðalfundur félagsins skal haldinn á tímabilinu frá 15. febrúar til 15. apríl ár hvert, og skal þar kosin stjórn, 2 endurskoðendur og nefndir félagsins fyrir næsta ár, og endurskoðaðir reikningar síðasta árs bornir upp til samþykktar. Fráfarandi stjórn skal á aðalfundi leggja fram ársskýrslu og skýra frá starfi og hag félagsins undanfarið starfsár.

Aðalfundur skal boðaður með minnst viku fyrirvara og er hann lögmætur, sé löglega til hans boðað.

Aðalfundur úrskurðar um meint brot á félagslögum og ákvarðar viðurlög.

Aukaaðalfundur skal boðaður með sama hætti og reglulegan aðalfundur. Reglur um aðalfund gilda, eftir því sem við á, um aukaaðalfund. Þó skulu lagabreytingar, stjórnarkjör og stofnun nýrra deilda, aðeins fara fram á reglulegum aðalfundi.

9. grein. Félagsfundir :

Félagsfundur skal boðaður ef a.m.k. 20 félagsmenn krefjast þess eða þegar aðalstjórn ákveður.

10. grein. Heimild stjórnar :

Heimilt er stjórn að skipa í nefndir milli aðalfunda er þurfa þykir. Allir félagar í U.M.F.Í. hafa málfrelsi og tillögurétt á félagsfundum.

11. grein. Verkefni stjórnar :

Aðalstjórn skal vinna að því að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess út á við. Hún skal einnig samræma starfsemi félagsins inn á við og hafa eftirlit með starfsemi deildanna. Hún hefur umráðarétt yfir eignum félagsins og markar stefnu þess í öllum veigamiklum málum. Hún skal þó jafnan hafa samráð við stjórnir deildanna um mál er þær varðar sérstaklega.

12. grein. Stjórnir deilda :

Hver deild innan félagsins skal hafa sérstaka stjórn, sem skipuð er þremur mönnum hið fæsta. Skulu þeir kosnir á aðalfundum deildanna, en hver deild skal halda aðalfund árlega. Reglur um fundarboðun, lögmæti fundar og dagskrá, sem gilda um aðalfund félagsins, gilda einnig um aðalfundi deildanna, eftir því sem við á. Að loknum aðalfundi hverrar deildar og eigi síður en 15. febrúar ár hvert, skulu stjórnir deildanna skila aðalstjórn skýrslu sinni um starfsemi viðkomandi deildar, ásamt endurskoðuðum og samþykktum reikningum deildarinnar.

Aðalstjórn skal taka helstu atriði úr skýrslum deildanna upp í skýrslu sína á aðalfundi félagsins.

Vanræki íþróttadeild að halda aðalfund á lögákveðnum tíma, skal aðalstjórn félagsins boðaður til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

Einstakar deildir skili rekstraruppgjöri til aðalstjórnar á fjögurra mánaða fresti 30. apríl, 31. ágúst og 31. desember ár hvert.

13. grein. Formannafundur :

Eigi sjaldnar en þrisvar á ári skal aðalstjórn félagsins halda fundi með formönnum deildanna, þar sem þeir gera stjórninni grein fyrir starfsemi deildanna. Á fundum þessum skal einnig ákveða skiptingu styrkja og annarra tekna aðalsjóðs félagsins milli deildanna og samræma starfsemi þeirra. Komi upp ágreiningur milli einstakra deilda, sker aðalstjórn úr.

14. grein. Eignir félagsins :

Allar eignir félagsins, hvort sem þær eru í umsjá aðalstjórnar eða einstakra deilda, er sameign félagsins. Hætti íþróttadeild starfsemi, skal stjórn hennar afhenda aðalstjórn allar eignir hennar svo og fundargerðarbækur og hverskonar gögn, sem varpa starfsemi hennar. Verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu ávallt vera í vörslu aðalstjórnar.

15. grein. Skuldsetning félagsins :

Óheimilt er að skuldsetja félagið eða einstakar deildir þess nema með samþykki meirihluta aðalstjórnar. Stofni einstakar deildir fjárhagslega skuldbindingu án þessa samþykkis verða þær á ábyrgð þeirra sem til þeirra stofna og félaginu óviðkomandi.

16. grein. Heiðursveitingar :

Heiðursfélagsmerki U.M.F. Tindastóls. Aðalfundur hefur heimild til að kjósa heiðursfélaga að tillögu stjórnar, en umræður um uppástungu að heiðursfélaga skulu ekki leyfðar. Við þá samþykkt þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Heiðursfélögum skal við hátíðlega athöfn afhent heiðursmerki U.M.F. Tindastóls úr gulli, sem er æðsta heiðursmerki ungmennafélagsins. Viðtakandi verður að hafa unnið mikið og samfellt starf fyrir U.M.F. Tindastól.

Starfsmerki U.M.F. Tindastóls má veita fyrir frábært átak eða afrek í félagstörfum, skipulagstörfum, framkvæmdastjórn eða á íþróttasviðinu. Til grundvalla þarf ekki að liggja langt samfellt starf.

Gestamerki U.M.F. Tindastóls má veita aðilum utan félagsins, sem í verki hafa sýnt því sérstakan sóma og velvild.

17. grein. Lagabreytingar :

Engu má breyta í lögum þessum nema á aðalfundi og þá með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Greini lög þessi á við sambandslög U.M.F.Í eru sambandslögin réttari meðan félagið er í U.M.F.Í.

18. grein. Gildistaka :

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi öll eldri lög félagsins.

Samþykkt á aðalfundi 16. apríl 2002.

Ársskýrsla Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2011

Lagt fram á aðalfundi félagsins 7. mars 2012.

Stjórn U.M.F. Tindastóls, sem kosin var á aðalfundi félagsins 23. febrúar 2011:

Gunnar Þór Gestsson, formaður
Magnús Helgason, varaformaður
Inga Huld Þórðardóttir, ritari
Bertína Guðrún Rodríguez, gjaldkeri
Jón Daníel Jónsson, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn:

Kristjana Jónsdóttir
Guðjón Örn Jóhannsson
Marteinn Jónsson

Skoðunarmenn reikninga:

Hjörtur Geirmundsson
Gunnar Þór Sveinsson

Stjórnarfundir voru haldnir óreglulega á árinu. Allar fundargerðir eru aðgengilegar á vef félagsins, www.tindastoll.is. Rétt til setu á stjórnarfundum hafa auk stjórnar og varastjórnar félagsins, formenn deilda félagsins eða aðrir stjórnarmenn sem fulltrúar þeirra.

Rafrænt vinnusvæði félagsins hjá Fjölnetinu geymir öll gögn um starfssemi félagsins, tölvupósta, skjöl, fundargerðir og bókhaldskerfi.

Heiðursfélagar Ungmennafélagsins Tindastóls eru
Árni Guðmundsson, Súluhólum 2, Reykjavík
Páll Ragnarsson, Birkihlíð 35, Sauðárkróki
Stefán Pedersen, Smáragrund 15, Sauðárkróki

Heimilisfang Ungmennafélagsins Tindastóls
Víðigrund 5, 550 Sauðárkróki
Kennitala 650269-5949

Skýrsla aðalstjórnar

Aðalfundur UMF Tindastóls fyrir starfsárið 2010 var haldinn í húsi frítímans þann 23. febrúar 2011. Þar stóð til að fara yfir lagabreytingar hjá félaginu en úr því varð ekki. Það hefur ekki verið ákveðið hvenær eða hvort lagabreytingar verða teknar aftur á dagskrá. Fjárhagur aðalstjórnar er áfram góður en tekjur umfram gjöld skýrast helst af þeim hluta styrks frá Sveitarfélaginu Skagafirði sem fer í afborgun langtímaláns í Arion Banka. Á árinu 2011 var síðasta greiðslan af láninu greidd og væntanlega verður hagnaður aðalstjórnar lægri á næstu árum þar sem styrkir eru fluttir að langmestu leiti til deilda félagsins.

Félagsgjöld eru áfram óbreytt. Innheimt var hjá fullorðnum í lok ársins kr. 2.500 með valkröfu en börn og unglingar greiða ekkert félagsgjald.

Á árinu bættist við nýr styrktaraðili hjá félaginu, N1. Í samvinnu við N1 fór félagið í félagasöfnun síðasta sumar. Stúlkur og foreldrar úr 3. fl. kvenna í knattspyrnu gengu í hús í suðurhluta bæjarins og í Túnahverfi og safnaði félagmönnum og korthöfum fyrir N1. Til stóð að ljúka söfnun á árinu en það hefur ekki tekist en verður vonandi leyst fljótlega á nýju ári. N1 styrkir félagið duglega með föstum styrk upp á tvær milljónir króna ásamt því að til félagsins rennur ein króna af hverjum lítra sem greiddur er með N1 korti merktu hópnumeri 414, númeri UMF Tindastóls.

Sparisjóður Skagafjarðar hefur stigið fram sem aðalstyrktaraðili félagsins síðustu þrjú árin. Þeir hafa ákveðið að bæta í og halda samstarfi við félagið áfram, hækka árlegan styrk í tvær og hálf milljón og bjóða fjögurra ára samning sem samtals færir félaginu tíu milljónir á þessum fjórum árum. Fulltrúi Sparisjóðs Skagafjarðar mætir á aðalfund félagsins og Sparisjóðurinn býður fundargestum upp á veitingar.

Aðrir styrktaraðilar aðalstjórnar eru Sveitarfélagið Skagafjörður, Kaupfélag Skagfirðinga, Tengill og Arion Banki. Styrktaraðilar félagsins eru að sjálfsögðu mun fleiri, en styrkir frá þeim renna til einstakra deilda. Auk þessa fær aðalstjórn tekjur frá Íslenskum Getraunum sem koma til félagsins í hlutfalli við fjölda félagsmanna og greiðast í gegnum UMSS.

Félagið vill færa starfsmönnum Tengils sérstakar þakkir fyrir þjónustu og aðstöðu sem þeir veita félaginu í Kerfisveitu Fjölnets. Þar hýsir félagið öll sín samskipti og öll sín gögn í miðlægu umhverfi. Án þessa væru gögn félagsins dreifð á heimilistölvur stjórnarmanna og þar með ekki aðgengileg nýrri stjórn eða nýjum stjórnarmönnum. Félagið væntir þess að það verði meiri samfella í starfi deilda og aðalstjórnar með aðstoð þessa Kerfisveitu Fjölnets.

Styrkir frá Sveitarfélaginu Skagafirði eru greiddir samkvæmt skiptingu félaga hjá UMSS. Skipting UMSS á milli félaga er unnin samkvæmt starfsskýrslum félaganna. Til stóð að styrkir greiddir á árinu 2012 yrðu samkvæmt skráningum í TÍM kerfi, kerfi sem Sveitarfélagið rekur í samstarfi við Íþróttahreyfinguna, en af því hefur ekki orðið þar sem kerfið er ekki komið í það horf sem notendur, Sveitarfélagið og Íþróttahreyfingin sættir sig við. Ákveðið var að dreifing styrkja fyrir árið 2012 yrði samkvæmt sömu hlutföllum og árið áður.

Í lok ársins ákvað aðalstjórn á fundi sínum að lækka sinn hluta í skiptingu styrkja úr 4% í 2% með því að flytja 2% yfir á skíðadeild. Ástæðan er annars vegar sú að aðalstjórn hefur núna nægjanlega góða stöðu til að standa undir rekstri og hins vega að starfssemi skíðadeildar hefur aukist töluvert síðan þessi hlutfallsskipting var ákveðin.

Á síðasta aðalfundi var ákveðið að skipta um nafn á spaðadeild Tindastóls og gefa henni nafnið Almenningsíþróttadeild Tindastóls. Magnús Svavarsson tók að sér að ábyrgjast starf deildarinnar gagnvart aðalstjórn. Almenningsíþróttadeildin innifelur núna skokkhóp Árna

Stefánssonar. Engir styrkir renna til þessarar deildar frá Aðalstjórn og hún hefur engan fjárhag þar sem iðkendur greiða allan kostnað úr eigin vasa.

Tilnefningar til íþróttamanns UMF Tindastóls voru þrjár á árinu. Knattspyrnudeild tilnefndi meistaraflokk í knattspyrnu, frjálsíþróttadeild tilnefndi Gauta Ásbjörnsson, og körfuknattleiksdeild tilnefndi Friðrik Hreinn Hreinsson.

Í umsögn knattspyrnudeildar segir meðal annars að meistaraflokkur karla hafi náð undraverðum árangri á síðustu árum og vakið verðskuldaða athygli um land allt. Árið 2010 varð liðið Íslandsmeistari í 3. deild karla í knattspyrnu og í ár, 2011 varð liðið sigurvegari í 2. deild sem er heldur meira afrek en árið á undan. Lið Tindastóls hefur verið að mestu skipað heimamönnum og það er það sem ekki síst gerir þennan árangur svo eftirtektaverðan. Ungir leikmenn hafa staðið vaktina og náð þessum frábæra árangri með góðum stuðningi nokkurra reynslubolta.

Í umsögn frjálsíþróttadeildar segir að Gauti, sem búsettur er í Svíþjóð, hóf árið með því að bæta sinn fyrri árangur í stangarstökki innanhúss, þegar hann stökk 4,65m á móti í Malmö í janúar. Hann bætti sig einnig utanhúss, þegar hann stökk 4,75m á móti í Karlskrona í Svíþjóð í ágúst. en það afrek skipar honum í 3. sæti á afrekaskrá Íslendinga 2011. Gauti kom heim til keppni á Meistaramóti Íslands á Selfossi í júlí og varð þá í 2. sæti í stangarstökki, stökk 4,20m

Í umsögn körfuknattleiksdeildar segir...

Nokkrar umræður voru um titilinn íþróttamann UMF Tindastóls og þær hugmyndi hafa komið upp að breyta fyrirkomulaginu. Hætta að tilnefna íþróttamann ársins og taka í stað upp viðurkenningu fyrir afrek ársins. Afrek ársins getur tilheyrt liði eða einstaklingi á öllum aldri. Umræður um þetta mál á aðalfundinum eru æskilegar.

Niðurstaðan fyrir árið 2011 var að meistaraflokkur knattspyrnudeildar fékk titilinn íþróttamaður ársins, en formaður sem afhenti viðurkenninguna orðaði það á athöfninni sem afrek ársins.

Auk þessa veitti UMSS ungu og efnilegu íþróttafólki viðurkenningar. Frá félaginu voru tilnefndir:

Körfuknattleiksdeild: Ólína Sif Einarsdóttir – Finnbogi Bjarnason

Sunddeild: Jóhann Ulriksen – Sigrún Þóra Karlsdóttir

Knattspyrnudeild: Bríet Guðmundsdóttir og Óli Björn Pétursson

Skíðadeild: María Finnbogadóttir - Halldór Broddi Þorsteinsson

Frjálsíþróttadeild: Þorgerður Bettina Friðriksdóttir – Sveinbjörn Óli Svavarsson

Gunnar Sigurðsson, frjálsíþróttapjálfafrari og íþróttahugamaður varð fyrir valinu hjá aðalstjórn og honum var veittur starfsbikar félagsins á síðasta aðalfundi. Gunnar hefur í árabíl unnið fyrir félagið af eldhug og skilað bæði góðum íþróttamönnum og góðu hugarfari inn í hreyfinguna. Aðalstjórn þakkar Gunnari Sigurðssyni fyrir ómælt starf í þágu félagsins.

Stórkostlegar framfarir urðu á aðstöðu félagsins í íþróttahúsinu á Sauðárkróki þegar parket var lagt á sal hússins í stað dúks sem kominn var til ára sinna. Parketið er fjaðrandi og þægilegt og almennra ánægju hefur gætt hjá iðkendum á öllum aldri.

Nefnd um byggingu knattspyrnugrasvalla á Sauðárkróki fór á fund Byggðaráðs Skagafjarðar og niðurstaðan var að fresta frekari vinnu við útfærslu þangað til að hönnun og ákvörðun um byggingu Árskóla hefur verið kláruð. Þegar því er lokið verður hægt að skipuleggja svæðið fyrir norðan íþróttahús og Árskóla með bæði nemendur og íþróttafólk í huga.

Með ungmennafélagskveðju,


Gunnar Þór Gestsson, Formaður UMF Tindastóls

Minning Stefáns Guðmundssonar

Stefán Guðmundsson fæddist á Sauðárkróki 24. maí 1932. Hann varð bráðkvaddur 10. september 2011.

Foreldrar hans voru Guðmundur Sveinsson, f. 11.3. 1893, d. 19.10. 1967, frá Hóli í Sæmundarhlíð, skrifstofustjóri og fulltrúi hjá KS, og Dýrleif Árnadóttir, f. 4.7. 1899, d. 8.3. 1993, frá Utanverðunesi í Hegrnesi. Stefán ólst upp hjá foreldrum sínum á Sauðárkróki ásamt fimm systkinum sem upp komust.

Systkini Stefáns eru: Sigurbjörg, f. 1920, d. 2006, húsmóðir, var gift Björgvini Bjarnasyni, f. 1915, d. 1989, bæjarfógeta á Akranesi. Hallfríður, f. 15.3. 1921, d. sama dag. Sveinn, f. 1922, hrossaræktandi og fyrrv. deildarstjóri hjá KS á Sauðárkróki, var kvæntur Ragnhildi Óskarsdóttur, f. 1935, d. 1991, húsmóður. Anna Pála, f. 1923, húsmóðir, var gift Ragnari Pálssyni, f. 1924, d. 1987, útibússtjóri Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki. Árni, f. 1927, fyrrv. skólustjóri Íþróttakennaraskóla Íslands á Laugarvatni, kvæntur Hjördísi Þórðardóttur, f. 1926, húsmóður. Hallfríður, f. 1931, lyfjateknir í Reykjavík, var gift Agli Einarssyni, f. 1929, d. 2003, bifreiðastjóra.



Hinn 16.2. 1957 kvæntist Stefán Sigríði Hrafnhildi Stefánsdóttur, (Lillu), f. 11.7. 1937, d. 15.7. 1998, verslunarmanni og húsmóður. Foreldrar hennar voru Stefán Vagnsson, f. 25.5. 1889, d. 1.11. 1963, og Helga Jónsdóttir, f. 28.7. 1895, d. 10.7. 1988.

Heimili Stefán og Hrafnhildar stóð ávallt á Sauðárkróki og þar bjó hann til dauðadags. Börn þeirra eru: 1) Ómar Bragi, f. 1957, búsettur á Sauðárkróki, landsfulltrúi UMFÍ, kvæntur Maríu Björk Ingvadóttur, f. 1959, frístundastjóra sveitarfélags Skagafjarðar. Börn þeirra eru: a) Stefán Arnar, f. 1982, háskólanemi, b) Ingi Hranar, f. 1986, kennari og c) Ásthildur, f. 2000. 2) Hjördís, f. 1962, lögfræðingur, gift Kristni Jens Sigurþórssyni, f. 1961, sóknarpresti í Saurbæ á Hvalfjarðarströnd. Þeirra dætur eru: a) Marta Mirjam, f. 1987, háskólanemi og b) Hrafnhildur, f. 1992, menntaskólanemi. 3) Stefán Vagn, f. 1972, yfirlögregluþjónn á Sauðárkróki og formaður byggðaráðs sveitarfélags Skagafjarðar, sambýliskona hans er Hrafnhildur Guðjónsdóttir, f. 1971, félagsráðgjafi. Börn þeirra eru: a) Sara Líf, f. 1993, nemi, b) Atli Dagur, f. 1999, og c) Sigríður Hrafnhildur, f. 2007. Vinkona Stefáns síðustu ár var Margrét Jónsdóttir, bóndi og kennari, f. 12.4. 1950.

Stefán lauk gagnfræðaprófi á Sauðárkróki 1949 og prófi frá Iðnskólanum á Sauðárkróki 1951. Árið 1956 lauk hann sveinsprófi í húsasmíði og árið 1959 öðlaðist hann meistararéttindi. Árið 1963 stofnaði hann ásamt fleiri Trésmiðjuna Borg hf. á Sauðárkróki og var framkvæmdastjóri hennar 1963-1971. Hann tók þátt í stofnun Útgerðarfélag Skagfirðinga hf. árið 1968 og var framkvæmdastjóri þess 1971-1981. Stefán sat í bæjarstjórn Sauðárkróks 1966-1982 og í sveitarstjórn sveitarfélagsins Skagafjarðar 1998-2002. Stefán var alþingismaður Framsóknarflokksins í Norðurlandskjördæmi vestra 1979-1999. Hann sat í stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins, síðar Byggðastofnunar, 1980-1987 og árið 1995 og var formaður stjórnar 1983-1987. Þá sat Stefán í stjórn Steinullarverksmiðjunnar hf. 1982-2011 og í stjórn Fiskiðju Sauðárkróks, nú Fisk Seafood hf., frá 1983 til dauðadags. Þá sat Stefán í stjórn Kaupfélags Skagfirðinga frá 1982 og var formaður stjórnar frá 1999 til dauðadags. Stefán sat í stjórn Íslenskrar endurtryggingar 1988-1993, þá átti hann sæti í stjórn RARIK um árabil. Auk þessa átti Stefán sæti í fjölmörgum nefndum og ráðum og sinnti margs konar trúnaðarstörfum bæði heima í héraði og á landsvísu. Stefán var félagi í Lionsklúbbi Sauðárkróks um langt árabil til dauðadags. Á yngri árum tók Stefán virkan þátt í íþróttalífi og átti fjölmörg héraðsmet í frjálsum íþróttum auk þess að leika knattspyrnu með

ungmennafélaginu Tindastóli. Stefán og Hrafnhildur byggðu sér sumarbústað er þau nefndu Steinahlíð, úr landi Steinsstaða í Lýtingsstaðahreppi þar sem þau í frístundum sínum ræktuðu skóg og fegruðu landið, en Stefán var mikill áhugamaður um skógrækt og var um árábil formaður stjórnar Norðurlandsskóga.

Stefán Guðmundsson var ötull stuðningsmaður íþróttahreyfingarinnar. Hann sýndi það bæði í starfi fyrir UMF Tindastól, fyrir UMSS og einnig í setu sinni á Alþingi, í stjórnum Sveitarfélagsins og í stjórn Kaupfélags Skagfirðinga. Stefán æfði og keppti fyrir hönd Tindastóls á sínum yngri árum og lét til sín taka í stjórnarmálum félagsins. Stefán var gerður að heiðursfélaga UMF Tindastóls á 100 ára afmæli félagsins árið 2007.

Stefán fylgdist vel með íþróttalífi á Sauðárkróki og sást bæði á kappleikjum sem og á æfingum. Hann var maður fólksins og gat átt heiðarleg og góð samskipti við einstaklinga á öllum aldri. Hann naut samverunnar með Sauðkrækjum á öllum aldri þar sem hann labbaði um bæinn og kannaði lífið. Stefán skilur eftir sig góða minningu sem við viljum halda í heiðri.

Ársreikningur aðalstjórnar Rekstrarreikningur ársins 2011

	2011	2010
Tekjur:		
Fjáröflun:		
Lottó	400.000	1.065.102
Félagsgjöld	365.000	55.000
	765.000	1.120.102
Styrkir:		
Svf. Skagafjörður, húsaleigustyrkur	12.696.000	12.140.400
Svf. Skagafjörður, styrkur til deilda	4.006.124	4.076.868
Svf. Skagafjörður, styrkur v. afborgunar láns	3.700.061	3.767.332
Arion banki, Sauðárkróki	250.000	580.000
Kaupfélag Skagafirðinga	1.680.000	1.680.000
Sparisjóður Skagafjarðar	1.500.000	1.500.000
Fjölnet hf.	666.614	279.499
N1	1.503.000	0
	26.001.799	24.024.099
 Tekjur alls:	 26.766.799	 25.144.201
Gjöld:		
Íþróttahús, húsaleiga	12.696.000	12.140.400
Körfuknattleiksdeild	3.645.902	3.158.486
Knattspyrnudeild	3.645.902	3.158.486
Knattspyrnudeild, 3fl.	299.000	0
Sunddeild	729.183	631.699
Frjálsíþróttadeild	1.658.359	1.263.394
Skíðadeild	516.846	451.214
Styrkur til afreksmanna og annarra	150.000	0
Stjórnunarkostnaður	229.008	206.020
Húsaleiga Víðigrund 5	204.000	204.000
Pappír, ritföng og sími	122.072	159.336
Tölvukostnaður	743.409	329.499
Áhöld og tæki	612.812	59.950
Tryggingar	9.968	6.832
Auglýsingar	69.929	0
Annar kostnaður	594	0
	25.332.984	21.769.316
 Rekstrarhagnaður	 1.433.815	 3.374.885
 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:		
Vaxtatekjur	165.411	113.230
Vaxtagjöld, verðbætur og matsbreyting verðbréfa	-351.103	-837.945
	-185.692	-724.715
 Hagnaður ársins	 1.248.123	 2.650.170

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

	31.12.2011	31.12.2010
Eignir		
Fastafjármunir:		
Eignarhluti í Bifröst FM	1.908.500	1.872.000
Veltufjármunir:		
Arion banki nr. 5763	250.329	2.556.651
Landsbanki Íslands nr. 3400	0	212
Arion banki nr. 16366	1.223.219	1.406.093
Sparisjóðurinn nr. 140	2.058.588	136.705
Arion banki nr. 301601	1.268	2.611.062
Sparisjóðurinn nr. 530140	1.941.195	0
	5.474.599	6.710.723
Viðskiptakröfur		
N1	167.000	0
Fyrirfram greitt	17.000	0
	184.000	0
Eignir samtals	7.567.099	8.582.723
Langtímaskuldir:		
Arion banki skuldabréf nr. 014330	0	3.266.403
Skammtímaskuldir		
Ógreiddir reikningar/áf. vxt.	6.352	118.407
Ógreiddir styrkir	976.320	0
	982.672	118.407
Skuldir samtals	982.672	3.384.810
Eigið fé:		
Eigið fé frá fyrra ári	5.197.913	2.547.743
Endurmat ársins	36.500	0
Leiðrétt eigið fé	101.891	0
Hagnaður (tap) ársins	1.248.123	2.650.170
Eigið fé samtals	6.584.427	5.197.913
Eigið fé og skuldir samtals	7.567.099	8.582.723

Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar

Frá formanni.

Enn einu knattspyrnuárinu er lokið og framundan er nýtt ár með nýjum verkefnum og tækifærum. Keppnistímabilið 2011 var skemmtilegt og lærdómsríkt og það voru margir einstaklingar sem komu að starfi deildarinnar. Stjórnarmenn, þjálfarar, foreldrar og fjölmargir sem komu að einstökum verkefnum. Það er vissulega mikið starf sem unnið er til að halda svona deild gangandi. Sjálfsgagt meira en flesta grunar. Mikill tími fer í að fjármagna deildina en æ erfiðara verður að finna fjármagn þó svo vissulega höfum við verið svo lánsöm að eiga góða og trausta aðila sem hafa stutt okkur dyggilega í gegnum árin og gera enn.

M.fl. karla sem árið 2010 varð Íslandsmeistari í 3.deild bætti enn einni rós í hnappagatið en liðið sigraði 2.deildina og hampaði Íslandsmeistaratitli annað árið í röð. Þetta var frábært afrek hjá einstökum leikmannahópi. Þjálfari liðsins Halldór Jón Sigurðsson sem tók við keflinu af föður sínum í sumarbyrjun náði einstökum árangri með liðið.

M.fl. kvenna átti ekki sitt besta tímabil en við horfum fram á veginn og sjáum bjarta tíma innan seilingar. Efniviðurinn er svo sannarlega til staðar og að mínu mati er það aðeins tímaspursmál hvenær liðið springur út og sýnir sínar bestu hliðar.

Yngri flokkarnir tóku þátt í fjölmörgum verkefnum og þar eigum við gríðarlegan fjársjóð ungra leikmanna á öllum aldri. Það er skylda okkar að halda vel utan um þessa einstaklinga og gefa þeim færi á að þroskast og ná enn lengra á fótboltavellinum.

Við tímamót sem þessi þá er ekki hægt að horfa framhjá þeirri aðstöðu sem knattspyrnuíðkendum hér í bæ er boðið uppá. Knattspyrnan er heilsársíprótt og eru reglulegar æfingar hjá deildinni í um 11 mánuði á ári. Aðstaðan yfir sumarmánuðina er góð þó svo æfingasvæðin tvö séu farin að láta verulega á sjá og viðgerðir standa þar yfir allt sumarið. Aðalkeppnisvöllurinn er hinsvegar frábær og öllum til sóma. Sú aðstaða sem í boði er fyrir knattspyrnuíðkendum frá því í október og fram í maí er hinsvegar langt frá því að vera boðleg og það er ótrúlegt hve langt við höfum þó náð. Okkar bestu leikmenn sem hafa metnað sækja eðlilega í betri aðstöðu eins og er í boði víða t.d. á Reykjavíkursvæðinu. Hér höfum við einn minnsta sparkvöll landsins sem ekki ósjaldan er hulinn klaka og snjó. Lýsing á vellinum er afar slæm en við þetta þurfum við að una. Yngstu börnin eru í litla íþróttasalnum við Barnaskólann og svo fáum við nokkra tíma í Íþróttahúsinu.

Ef við berum saman aðstöðuna við aðrar íþróttagreinar hér á Sauðárkróki sjáum við klárlegan aðstöðumun og verulega mismunum. Körfuboltinn hefur eina bestu æfinga- og keppnisástöðu á landinu allt árið um kring. Nýtt parketgólf var sett í íþróttahúsið í haust sem íðkendum eru ánægðir með. Skíðamenn hafa glæsilega aðstöðu sem og sundmenn. Frjálsíþróttamenn hafa vissulega mjög góða aðstöðu á sumrin en þurfa að nýta sér einstaka tíma í íþróttahúsinu á Sauðárkróki á veturna.

Knattspyrnudeild Tindastóls er stærsta deildin innan félagsins og það þarf að gera tafarlausa breytingu á þeirri aðstöðu sem íðkendum er boðið uppá. Við sjáum fyrir okkur gervigrasvöll í fullri stærð á syðsta æfingasvæðinu. Þetta er aðstaða sem okkur er lífsnauðsyn. Ef stjórnarmenn, þjálfara og íðkendum eiga að geta haldið áfram sínu starfi þá þarf svona nokkuð að koma til.

Ómar Bragi Stefánsson

Stjórn knattspyrnudeildar:

Formaður Ómar Bragi Stefánsson
Gjaldkeri Björn Ingi Óskarsson

Ritari Erna Baldursdóttir
 V.formaður Skúli V. Jónsson
 Meðstjórnandi Pétur Björnsson

Framkvæmdastjóri:

Skúli V. Jónsson gegndi stöðu framkvæmdastjóra á starfsárinu.

Fundir:

Á starfsárinu voru haldnir margir stjórnarfundir sem og fundir í ráðum og með foreldrum og þjálfurum.

Samstarfsaðilar:

Helstu samstarfsaðilar knattspyrnudeildarinnar á þessu ári voru eftirtaldir: Kaupfélag Skagfirðinga, FISK, VÍS, Sparisjóður Skagafjarðar, Ólafshús, Steinnull, Landsbankinn og Sveitarfélagið Skagafjörður. Þessum aðilum eru færðar miklar þakkir fyrir aðkomu þeirra.

Þjálfarar:

Sl. ár voru eftirtaldir starfandi þjálfarar hjá knattspyrnudeild Tindastóls:

Flokkur	janúar-maí	júní –september	okt.-des.
M.fl.karla	Sigurður Halldórsson	Halldór Jón Sigurðsson	Halldór Jón Sigurðsson Guðjón Örn Jóhannsson Sigurður Halldórsson
M.fl.kvenna	Bjarki Már Árnason	Bjarki Már Árnason Pétur Björnsson	Pétur Björnsson
2.fl.karla	Sigurður Halldórsson	Halldór Jón Sigurðsson Haukur Skúlason	
3.fl.karla	Guðjón Örn Jóhannsson	Halldór Jón Sigurðsson Haukur Skúlason Stefán Arnar Ómarsson	
3.fl.kvenna	Guðjón Örn Jóhannsson	Guðjón Örn Jóhannsson	Guðjón Örn Jóhannsson
4.fl.karla	Haukur Skúlason	Haukur Skúlason	Konráð Sigurðsson Sigurður Halldórsson
4.fl.kvenna	Guðjón Örn Jóhannsson	Guðjón Örn Jóhannsson	Guðjón Örn Jóhannsson
5.fl.drengja	Guðjón Örn Jóhannsson	Guðjón Örn Jóhannsson	Ingvi Hrannar Ómarsson
5.fl.stúlkna	Pétur Björnsson	Pétur Björnsson	Haukur B. Runólfsson
6.fl.drengja	Haukur Skúlason	Ingvi Hrannar Ómarsson	Konráð Sigurðsson
6.fl.stúlkna	Haukur Skúlason	Guðjón Örn Jóhannsson	Haukur B. Runólfsson
7.fl.drengja	Haukur Skúlason	Guðjón Örn Jóhannsson	Konráð Sigurðsson
7.fl.stúlkna	Haukur Skúlason	Margrét Alda Magnúsd. Pétur Björnsson	Margrét Alda Magnúsdóttir
8.fl.		Árni Arnarson Konráð Sigurðsson	

Öllum þessum aðilum og þeim unglíngum sem aðstoðuðu á æfingunum eru færðar þakkir fyrir þeirra störf.

M.flokkur karla

Halldór Jón Sigurðsson

Tindastóll sameinaðist Hvöt frá Blönduósi í sumar og var samstarfið ágætt. Við fengum nokkra leikmenn þaðan til liðs við okkur og úr varð fínasta lið. Við fengum til okkar 2 erlenda leikmenn fyrir tímabilið en það voru Dejan og Milan frá Serbíu. Auk þeirra var Kolbeinn Káráson fengin til þess að skora mörk fyrir okkur. Um mitt sumar bættum við síðan við okkur Englendingnum Theo Furness og hann átti eftir að koma að góðum notum.

Undirbúningstímabilið hjá Mfl. kk gekk mjög vel. Við fórum langt í þeim mótum sem við tókum þátt í og lentum til að mynda í 2. sæti B-deildar Lengjubikarsins. Töpuðum þar fyrir Aftureldingu í hörku úrslitaleik.

Mótið byrjaði ekki allt of vel fyrir okkur og töpuðust fyrstu 3 leikirnir. Þjálfaraskipti urðu í lok maí eða fyrir leikinn á móti ÍH 3. júní. Það virtist vera vendipunktur að einhverju leyti. Leikmenn tóku við sér og gáfu meira í og fóru loksins að sýna sitt rétta andlit.

Margir sigrar komu í hús og hver öðrum sætari. Gríðarlega eftirminnilegir eru leikirnir við KF á heimavelli og Dalvík úti. Þar var um mikla grannaslagi af bestu gerð að ræða þar sem leikar réðust á lokamínúttunni og með okkar sigri. Að mínu viti þá bætti lið Tindastóls/Hvatar sig með hverjum leiknum og undir lok tímabilsins þá var liðið farið að leika þannig bolta að frammistaðan ætti klárlega heima í deild fyrir ofan. Þegar kom að síðasta leiknum á heimavelli á móti Völsung þá fannst mér í raun ekki til nokkur snefill af efa um að við myndum klára þetta mót með þeim krafti sem var kominn í liðið.

Uppskeran:

1 Tindastóll/Hvöt 22leikir 13 sigrar 3 jafnt. 6 tap 49 - 36 42 stig

Margir leikmenn komu við sögu hjá liðinu í sumar og er það frábært að mínu viti hversu margir leikmenn fengu þar dýrmæta reynslu fyrir komandi ár. Efnilegra lið er varla hægt að finna og ég tel okkur mjög heppna að eiga svo marga frábæra unga leikmenn í okkar röðum. Stemmningin og samheldnin í hópnum í sumar var ólýsanleg. Menntu voru staðráðnir í því að láta ekki slæma byrjun á sig fá og komu heldur betur tilbaka og hjálpuðust að við það að koma liðinu á þann stall sem það á heima nú um sinn.

Frábær umgjörð um liðið verður að koma fram hér þar sem hún var einkar eftirminnileg. Allir leikir sumarsins voru teknir upp og menn gátu og geta enn séð „highlights“ úr hverjum leiknum fyrir sig síðasta sumar. Algerlega ómetanlegar minningar og halda þessu heldur betur lífi í þessu eftirminnlegasta sumri á mínum ferli, og eflaust myndu fleiri segja það sama. Allir í kringum liðið eiga hrós skilið frá stuðningsmönnum til leikmanna og allra stjórnamanna og þjálfara, sjúkrapjálfara og þeirra sem hjálpuðu okkur og studdu ein einn eða annan hátt.

Ef allir standa saman og róa í sömu átt þá allt mögulegt!!

Nafn- Leikir, Mörk, Gul spjöld, Rauð spjöld

1	Aðalsteinn Arnarson	5	0	01
2	Arnar Magnús Róbertsson	1	0	00
3	Arnar Sigurðsson	20	13	20
4	Arnar Skúli Atlason	17	0	80
5	Atli Arnarson	21	1	10
6	Árni Arnarson	20	2	20
7	Árni Einar Adolfsson	18	1	30

8	Benjamín Jóhannes Gunnlaugarson	20	1	10
9	Bjarki Már Árnason	192	40	
10	Bjarni Smári Gíslason	1	0	00
11	Björn Anton Guðmundsson	151	10	
12	Dejan Miljkovic	143	10	
13	Edvard Börkur Óttarsson	5	0	00
14	Fannar Örn Kolbeinsson	142	10	
15	Gísli Eyland Sveinsson	214	10	
16	Gunnar Stefán Pétursson	1	0	00
17	Halldór Jón Sigurðsson	3	0	20
18	Hallgrímur Ingi Jónsson	7	0	00
19	Hilmar Þór Kárason	131	10	
20	Ingvi Hrannar Ómarsson	189	40	
21	Kolbeinn Kárason	7	3	10
22	Konráð Þorleifsson	7	0	10
23	Kristmar Geir Björnsson	2	1	00
24	Milan Markovic	143	40	
25	Óskar Snær Vignisson	4	0	00
26	Stefán Hafsteinsson	4	0	00
27	Sveinbjörn Guðlaugsson	4	0	10
28	Theodore Eugene Furness	8	2	20

Takk fyrir mig . Halldór Jón Sigurðsson (Donni)

M.flokkur kvenna

Bjarki Már Árnason

Undirbúningstímabilið

Þetta tímabil er mitt annað með m.fl.kvenna og strax frá upphafi var ljóst að miklar breytingar yrðu á hópnum. Alls 10 stúlkur sem voru með hópnum í fyrra sögðu skilið við hópinn af mismunandi ástæðum.

Hópurinn var því frekar lítill og voru samtals 20 stúlkur í honum (eftir að 4 bættust við hann á tímabilinu mars/apríl) Alls voru 13 stúlkur sem voru búsettar fyrir norðan.

Voru æfingar því frekar fámennar sérstaklega framan af en þegar komið var fram yfir áramótin þá fóru nokkrar stúlkur úr 3.fl. að mæta með okkur og það munaði mjög miklu að fá þær inn því að í stað þess að vera í kringum 10-12 manns á æfingu þá var fjöldinn kominn upp í 14-16.

Þær stúlkur sem voru í m.fl. eiga hrós skilið því flestar af þeim sinntu æfingunum vel alveg frá upphafi.

Sökum þess að æfingaaðstaða liðsins er ekki upp á sitt besta þá þurfti liðið að spila marga æfingaleiki, þannig að liðið gæti tekið framförum og náð þeim áherslum sem þurfti að koma inn hjá stúlkunum. Liðið spilaði því 6 æfingaleiki gegn norðanliðunum, tók auk þess þátt í Norðurlandsmóti og spilaði 3 leiki þar. Farið var tvisvar sinnum í æfingahelgi, þar sem spilaðir voru 2 leikir á 2 dögum. Þessar ferðir höfðu mjög góð áhrif á hópinn, sérstaklega móralslega séð.

Fyrsta alvöru verkefnið hjá stúlkunum var 20.mars þegar að keppni í Lengjubikarnum hófst. Við vorum þar í riðli með Völsungi, Fjarðabyggð/Leikni, Hetti og Draupni. Liðinu gekk

ágætlega og voru klárlega framfarir á liðinu. Liðið spilaði 4 leiki og hlaut 4 stig (1sigur, 1jafntefli og 2töp), liðið endaði í þriðja sætinu af 5 liðinum.

Á undirbúningstímabilinu voru spilaðir 17 æfingaleikir alveg eins og árið áður.

Tímabilið

Liðið tók þátt í Bikarkeppninni og mætti þar Völsungi á útivelli. Þar töpuðum við 3-0 þrátt fyrir að liðið hafi spilað einn sinn besta leik yfir sumarið. Því var bikarævintýrið stutt þetta árið.

Íslandsmótið fór ágætlega af stað en fyrsti leikurinn tapaðist en eini sigurleikur tímabilsins kom í öðrum leiknum. Allt virtist á fínu róli en þá komu upp mikil meiðsli, veikindi og nánast allt sem er hægt að láta sér detta í hug. Þannig þegar staðan var orðin sem verst í þremur leikjum þá voru 9 stúlkur fjarverandi af 20 stúlkum sem töldust í m.fl. Munaði þar klárlega mest um að Hrafnhildur Guðnadóttir datt út vegna barnsburðar, en hún hefur verið alger lykilleikmaður undanfarin ár.

Það sem einkenndi liðið voru miklar breytingar á liðinu á milli leikja og það náði litlum stöðugleika. Og það sem eftirlifði tímabilið þá náði liðið aðeins í 2 stig. Leikur liðsins batnaði aðeins í seinni umferðinni en það náði aldrei flugi. Því var niðurstaðan þetta árið, neðsta sæti í 1.deild kvenna í B-riðli með 5 stig. Liðið skoraði aðeins 5 mörk og fékk á sig 31, en Haukar og Selfoss skoruðu 17 þeirra. Þannig að í 8 leikjum fékk liðið á sig 14 mörk, sem er alls ekki svo slæmt en varnarleikur liðsins var ágætur en sóknarleikurinn var dapur.

Í sumar spiluðu 29 stúlkur með m.fl.kvenna og þar af 9 úr 3.fl.kvenna. Liðið var mjög ungt (það er ef Tóta er ekki talin með) og er alveg klárt að þessar ungu dömur hlutu hér dýrmæta og lærdómsríka reynslu.

Lokaorð

Undirbúningurinn fyrir tímabilið gekk ágætlega og liðið var í stöðugum framförum, en liðið er dæmt út frá tímabilinu og það var undir þeim væntingum sem liðið hafði haft fyrir mótið. En það hafði klárlega mikil áhrif á markmiðin, öll þau forföll sem urðu í hópnum á tímabilinu og svo einnig breytingar á milli ára.

Frá árinu áður missti liðið hafsentinn Söndru sem var lykilmáður. Af þeim 5 stúlkum sem spiluðu á miðri miðjunni fyrir Tindastól í fyrra þá var aðeins ein þeirra sem spilaði á tímabilinu. Þar að auki hætti markahæsta stúlkan frá því árinu áður, Halla Mjöll. Liðið missti of marga menn sem skiptu máli án þess að fá leikmenn í svipuðum gæðum í staðin.

En samt eins og áður segir var árið lærdómsrík og vonandi að stúlkurnar mæti sterkari til leiks að ári. Það eina sem hægt er að gera er að rétta sig við og stefna upp á við. Því framtíðin er virkilega björt hjá Tindastóli því það eru að koma upp úr 4. og 3.fl. mjög efnilega stúlkur sem þarf að halda vel utan um. Sem margar hverjar eru nú þegar komnar með smá reynslu af meistaraflokki.

Áfram Tindastóll

Kær kveðja Bjarki Már Árnason þjálfari meistaraflokks kvenna

2.flokkur karla

Halldór Jón Sigurðsson

Flokkurinn stóð sig með mikilli þrýði eins og var vænst af honum fyrir mót. Þessi flokkur er líklega einn sá allra efnilegasti sem ég hef orðið vitni af. Frábærir strákar í alla staði og eiga framtíðina fyrir sér. Mikill hluti liðsins spilaði með meistaraflokknum að einhverju leyti í

sumar og stóðu sig allir vel. Þessi flokkur spilaði í C riðli í sumar sem var að mínu viti of auðveldur fyrir þennan hóp. Það var spilað á mjög mörgum leikmönnum í þessum flokki eins og mfl og er ég mjög ánægður með það því það fengu margir spiltíma sem er jú það sem gerir menn betri.

Riðillinn gekk vel og hann vannst nokkuð örugglega þó það hafi verið 2 önnur lið í riðlinum sem voru nokkuð sterk. Bikarkeppnin var nokkuð sem var lögð mikil áhersla á í sumar hjá þessum flokki og við unnum þar lið Gróttu í 36 liða úrslitum og síðan sterkt lið Fjölnis í 16 liða úrslitum, við féllum síðan úr leik í framlengingu á móti sterku liði Breiðabliks mjög ósannjarnt að mínu mati.

Við fórum í úrslitakeppnina í 2.fl í C riðlinum og spiluðum þar 2 leiki við Aftureldingu og töpuðum mjög svo óvænt á heimavelli 2-1. Við náðum síðan ekki að skora á þá á útavelli og fórum þar með ekki uppúr C riðlinum. Sem voru viss vonbrigði, en heilt yfir getur þessi flokkur verið gríðarlega stoltur af sér því þarna eru allir leikmenn liðsins frábærir og þetta algerlega mögnuð heild.

Árangurinn í sumar var svona:

1 Tindastóll/Hvöt 15 leikir (alls) 9 sigrar 4 jafntefli 2 töp

Það verður mjög gaman að fylgjast með þessum strákum á næstu árum þroskast og dafna sem toppleikmenn.

Polinmæði er dygg. Þrotlausar æfingar munu skila sér!!!

3.flokkur karla

Haukur Skúlason

Æfingasókn á undirbúningstímabilinu var ekki góð og er það aðallega vegna þess að strákarnir voru á fullu í öðrum íþróttum um veturinn. Mæting á æfingar var því mjög rokkandi og erfitt að skipuleggja æfingarnar þar sem ekki var vitað hversu margir myndu mæta.

Lið KF frá Fjallabyggð hafði samband og vildi fá Tindastólstrákana til samstarfs svo hægt væri að halda úti liði í ellefu manna bolta. Var því gengið svo frá að KF/Tindastóll var skráð til leiks og sá þjálfari KF algerlega um leikina og allt utanumhald þeirra. Tindastóls strákarnir æfðu svo með og undir handleiðslu þjálfarateymis meistara- og 2. flokks.

Leikirnir sumarsins voru hörkuleikir þar sem oft mátti ekki á milli sjá. Mörg af stærstu liðum landsins voru mótherjar strákanna og má þar nefna FH, KR, Breiðablik, ÍA, ÍBV og Fram. Eins og sést á þessari upptalningu voru mótherjarnir engir aukvisar. Liðið endaði svo í sjötta sæti af átta í sínum riðli og getur borið höfuðið hátt þar sem þeir stóðu sig virkilega vel.

Margir strákar tóku miklum framförum í sumar enda þurftu þeir að hafa vel fyrir hlutunum á æfingum með leikmönnum meistaraflokks og eru nokkrir þeirra sem munu gera atögu að sæti í liði meistaraflokks á næstu árum.

Eftirtaldir leikmenn unnu til verðlauna á uppskeruhátíð Tindastóls:

Mikilvægasti leikmaðurinn: Konráð Freyr Sigurðsson

Efnilegasti leikmaðurinn: Pétur Rúnar Birgisson

Mestu framfarir: Sighvatur Rúnar Pálsson

3.flokkur kvenna

Guðjón Örn Jóhannsson

Frá hausti voru 26 stelpur sem æfðu hjá 3. flokki stúlkna. Ég gerði léttu könnun á því hvaða félög hefðu fjölmennari 3. Flokks hóp í kvennaboltanum hjá sér og aðeins Þór Akureyri,

Breiðablik, Fjölnir og Valur gátu státað af fjölmennari hóp. Við tókum þátt í æfingamóti í Reykjanesbæ í desember og fórum í tvær helgaræfingaferðir suður þar að auki þegar leið á vorið. Þar unnum við m.a. lið K.R. og töpuðum naumt fyrir liði Breiðabliks. Strax um haustið var sú ákvörðun tekin að fara til Gautaborgar í júlí og heimsækja Gothia Cup. Þar skráðum við 2 lið til leiks, eldra árið í u-17 ára mótið og yngra árið u-15 ára mótið. Eldra árið spilaði mjög vel sína leiki en var í öllum tilfellum að spila við mjög sterka andstæðinga sem voru einnig ári eldri en stelpurnar okkar frá Svíþjóð og U.S.A. og því töpuðust allir þeir leikir. Yngra liðið náði betri úrslitum í sínum leikjum og var eiginlega óheppið að komast ekki lengra en það gerði því við duttum út í vítakeppni í 16. liða úrslitum. Íslandsmótið gekk bara heillt yfir nokkuð vel en við spiluðum í riðli þar sem allir voru að vinna alla og að lokum lentum við í 5. sæti riðilsins en aðeins 6 stigum á eftir liðinu í öðru sæti. Þessar stelpur létu sig ekki vanta á unglíngalandsmót og mynduðu þar eitt lið undi minni liðstjórn og þar tóku þær brons.

4.flokkur karla

Haukur Skúlason

Undirbúningurinn var ekki upp á marga fiska að því leitinu til að æfingasókn var lítil sem engin. Spilaði þar aðallega inn í að strákarnir voru á fullu í öðrum íþróttum. Mættu því á bilinu 0-6 strákar á æfingar um veturinn. Snemma varð því ljóst að ekki myndi nást í lið eingöngu skipað leikmönnum Tindastóls. Var því ákveðið að fara í samstarf við Hvöt svo strákarnir gætu tekið þátt í ellefu manna bolta en ekki bara sjö manna bolta eins og árið áður.

Sambandið við Hvöt var mjög gott og það eina sem vantaði upp á var að strákarnir gætu æft meira saman til að læra betur inn á hvorn annan.

Leikirnir gengu upp og ofan, sumir leikir unnust stórt á meðan aðrir töpuðust stórt og allt þar á milli. Fór það svo að lokum að liðið endaði um miðjan riðil, í fimmta sæti af átta liðum. Er sá árangur vel ásættanlegur því liðin fjögur fyrir ofan okkar stráka voru öll mjög góð á landsmælikvarða og geta því strákarnir vel við unað.

Það sem helst er hægt að draga saman eftir sumarið er að strákarnir bættu sig allir sem fótboltamenn og eiga þeir margir framtíðina fyrir sér og ef þeir æfa vel þá gætu þeir orðið framtíðaleikmenn í meistaraflokki félagsins.

Eftirtaldir leikmenn unnu til verðlauna á uppskeruhátíð Tindastóls:

Mikilvægasti leikmaðurinn: Ágúst Friðjónsson

Efnilegasti leikmaðurinn: Pálmi Þórsson

Mestu framfarir: Bjarni Páll Ingvarsson

4.flokkur kvenna

Guðjón Örn Jóhannsson

Það var ljóst snemma í vetur að við myndum ná að senda 11 manna lið til leiks í 4. flokki kvenna enda um 20 stelpur að æfa frá hausti. Þessi aldur er þó erfiður að því leyti að það er ótrúlega mikið um að vera t.d. á vegum skólans og kirkjunnar sem setur strik í æfingasókn yfir vetrarmánuðina. Það hafði áhrif á fjölda æfingaleikja um veturinn því það gekk ekki vel að ná öllum hópnum saman u helgar. Við tókum að vísu þátt á Goðamótinu á Akureyri í febrúar og spiluðum að auki tvo æfingaleiki síðar um vorið við Akureyrarliðin.

Í fyrra fannst mér að það yrði að gera meira af því að fara í æfingaleiki en gert hafði verið þá um veturinn og þetta varð staðreyndin. Það skilaði sér þó í því að yngra árið sem var í fyrsta skipti að spila á stórum velli vandist því í þessum æfingaleikjum. Liðið stóð sig frábærlega í Íslandsmótinu og sigraði norður/austur riðilinn nokkuð örugglega og fór í úrslit. Þar mættum

við 3 af sterkustu liðum landsins í kvennaboltanum og komumst ekki í úrslitaleikinn. En frábær árangur hjá stelpunum og margar efnilegar stelpur í þessum hópi.

Ég bauð fram liðstjórn hjá þessum hópi á unglíngalandsmóttinu á Egilstöðum og þátttakan var slík að skráning liðsins hefði eiginlega þurft að vera tveggja liða skráning en liðið tók silfur þar. Ástæðan fyrir því að ekki voru tvö lið skráð var sú að margar stelpur tóku ákvörðun um að koma eftir að skráningu lauk.

5.flokkur drengja

Guðjón Örn Jóhannsson

Það var stór hópur stráka sem voru í 5. flokki karla síðasta tímabil. Svo stór að í fyrsta skipti í sögu flokksins voru send 3 lið til keppni í Íslandsmóti og það gekk aldrei erfiðlega að manna þá leiki. Það voru í kringum 35 strákar sem æfðu nokkuð vel allt tímabilið. Um veturinn fórum við á tvö knattspyrnuhallarmót Reykjanesbæjarmótið í desember og Goðamótið á Akureyri í mars.

Eins og áður sagði voru 3 lið yfirleitt skráð hjá okkur í mótum ársins. Sumarið kom með Íslandsmóti og einnig tókum við þátt í Smábæjarleikunum á Blönduósi en það mót hafði betur en N1 mótið á Akureyri í kosningu foreldra um hvort mótið skyldi sækja. Blönduósmótið þótti bæði ódýrara og minna í umstangi því hægt var að keyra á milli þar frekar en að gista með hópinn.

Mitt mat er hins vegar það að N1 er ógleymanleg reynsla og frábært mót fyrir strákana en þar koma nánast öll félagslið landsins í 5. flokki. Í lok sumars stóð þessum hóp til boða liðstjórn af minni hálfu á unglíngalandsmóti á Egilstöðum það nýttu u.þ.b. 10 strákar sér sem mættu með foreldrum sínum á mótið og við mynduðum 1 lið í því móti.

5.flokkur stúlkna

Pétur Björnsson

Með þessum línunum ætla ég að gera upp leiktíðina 2011, hjá 5. fl. kvenna. Persónulega fannst mér mjög gaman að starfa með stelpunum sem voru mjög duglegar að æfa og lögðu sig vel fram við æfingar og keppni.

Flestar voru stelpurnar 24 á æfingum en yfirleitt voru þetta 16-18 stelpur á æfingum sem er mjög gott. Æft var þrisvar í viku yfir vetrartímam og fjórum sinnum í viku yfir sumartímam.

Keppt var á Goðamóttinu á Akureyri í mars og síðan byrjaði Íslandsmótið 27 maí. Árangur stelpnanna í Íslandsmóttinu var ásættanlegur. A. liðið endaði í 4 sæti og B. liðið endaði í 5 sæti í norðurlandsriðli.

Stelpurnar tóku einnig þátt í Landsbankamóttu hér á Króknum og Síamóttinu í Kópavogi og stóðu sig allar eins og hetjur.

Að lokum vil ég þakka stelpunum fyrir gott tímabil og einnig þakka ég foreldrum gott samstarf. Það er gott að vita af svona traustum og duglegum foreldrum sem styðja við bakið á stelpunum í blíðu og stríðu í boltanum.

Það er ekki nokkur vafi í mínum huga að margar stelpnanna geta náð langt í íþróttinni en það kostar að æfa sig og æfa sig meira og síðan þarf að æfa sig enn betur. Þær sem leggja á sig aukalega fá það ríkulega borgað í framtíðinni, hvort sem það er að spila með meistaraflokk í knattspyrnu eða vera líkamlega vel á sig komin til að takast á við lífið og tilveruna.

6.flokkur drengja**Ingvi Hrannar Ómarsson**

Ingvi Hrannar Ómarsson tók við þjálfun flokksins 1.júní 2011. Sumarið var skemmtilegt í alla staði. Æfingar voru klukkan 13.10-14.40 mánudaga – fimmtudaga og naut ég aðstoðar Konráðs Freys Sigurðssonar.

Við fórum á **Smábæjarleikana** og gekk það vel, liðin fengu þó engin verðlaun en leikmenn fóru sáttir heim.

Við héldum **Vinamót** með Hvöt, Kormáki og Fram Skagaströnd í júní og héldum við mótið á Blönduósi. Mótið gekk vel og höfðu strákarnir gaman af. Allir leikir unnust en tvö lið voru send í mótið og voru þau jöfn að styrkleika. 500 kr. þátttökugjald var rukkað og fengu krakkarnir pylsu og Svala. Síðan fóru þátttakendur í sund ásamt fylgdarliði og foreldrum. Flottur dagur.

Við fórum á **Pollamót KSÍ NL-riðill A liða** ásamt Þór og KA og KA2 en við sendum 2 lið.

A-liðið stóð sig frábærlega og voru úrslit eftirfarandi:

Sæti	Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1	KA	3	2	10	13	-	94	7
2	Tindastóll	3	1	11	7	-	8-1	4
3	<u>KA 2</u>	3	0	2	1	4	-	5-1 2
4	<u>Þór</u>	3	0	2	1	7	-	9-2 2

Leikir

Leikdagur	kl	Leikur	Ú
mið. 06. júl. 11 14:00		Tindastóll - Þór	2-2
mið. 06. júl. 11 14:00		KA - KA 2	2-2
mið. 06. júl. 11 15:10		KA - Tindastóll	6-4
mið. 06. júl. 11 15:10		KA 2 - Þór	2-2
mið. 06. júl. 11 16:20		Þór - KA	3-5
mið. 06. júl. 11 16:20		Tindastóll - KA	21-0

Úrslitin hjá B-liðinu voru ekki frábær en da mjög erfiðir leikir við Þór og KA sem voru einnig með C-lið og því hefðu okkar strákar frekar átt heima í þeim riðli. Úrslitin voru eftirfarandi:

Félag	L	U	J	T	Mörk	Net	Stig
1 <u>Þór</u>	3	3	00	30	-	228	9
2 <u>KA</u>	3	2	01	8	-	10-2	6
3 <u>KA 2</u>	3	1	02	12	-	102	3
4 <u>Tindastóll</u>	3	0	03	4	-	32-28	0

Leikir

Leikdagur	kl	Leikur	Ú
mið. 06. júl. 11 14:35		Tindastóll - Þór	0-16
mið. 06. júl. 11 14:35		KA - KA 2	2-0
mið. 06. júl. 11 15:45		KA - Tindastóll	6-2
mið. 06. júl. 11 15:45		KA 2 - Þór	2-6

mið. 06. júl. 11 16:55 Þór - KA 8-0

mið. 06. júl. 11 16:55 Tindastóll - KA 22-10

Sumarið endaði síðan á **Króksmóttinu** þar sem liðin voru orðin 3 enda mikil aukning á iðkendum í flokknum þegar leið á sumarið, sem var frábært að sjá.

